


Mossey read.

Edward Hákon Huijbens
Stigahlíð 20
105 Reykjavík

LAND  pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

18. árg. 1. tbl, mars 2006

Ábm.: Hjalti J. Guðmundsson, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Vorráðstefna Félags landfræðinga, 24. mars 2006.

Vorráðstefnan verður haldin föstudaginn 24. mars nk. á Grand Hótel í sal er nefnist Háteigur og er á efstu hæð hótelsins. Reiknað er með hálfis dags ráðstefnu sem myndi byrja kl. 13:00 og enda um 17:00. Í lokin mun félagið bjóða ráðstefnugestum í kokteil og pinnamat.

Þeir sem hafa áhuga á að flytja erindi geta strax haft samband við stjórn félagsins (fl-s@hi.is), en síðustu forvöð að skila in titlum og samantektum eru að vorjafndægum mánudaginn 20. mars. Ef erindin verða mörg þá er möguleiki að hefja ráðstefnuna fyrir.

Samt sem áður viljum við fá titla á erindum sem fyrst til þess að auðvelda undirbúningu ráðstefnunnar. Ráðstefnan hefur verið fjölsótt síðustu árin og erindin merkileg og mörg.

Verð á ráðstefnuna er það sama og í fyrra, 2000 fyrir félagsmenn, 500 kr fyrir nemendur og 3000 kr fyrir aðra.

Takið daginn frá!

Landabréfið 2006

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út næsta haust. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júní. Þær fara á í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bókagagnrýni eða aðra gagnrýni sem á erindi til landfræðinga.



Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: kben@hi.is

Aðalfundarboð

Aðalfundur 2006 verður haldinn í Öskju, náttúrufræðahúsi HÍ, föstudaginn 7. apríl kl. 20:00. Dagskráin er eftirfarandi:

1. Landmælingar Íslands 50 ára - saga og framtíðarhorfur
Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga flytur erindi.
2. Venjubundin aðalfundarstörf, samkvæmt lögum félagsins.

Á fundinum verða kosnir nýjir fulltrúar í stjórn. Við viljum því hvetja þá sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi félagsins að láta heyrast í sér.

Tillögur um lagabreytingar hafa borist stjórn. Tillögurnar ganga út á breytingar á 3., 4. og 5. grein laga félagsins. Núverandi lög félagsins má finna á vefsíðunni: www.umvefur.is/land.

Lagabreytingartillögur: (nýtt og breytt orðalag er undirstrikað)

3. grein. Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki stjórn félagsins upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu hans í félagið. Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á lægra árgjaldi, sem ákveðið er á aðalfundi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. grein. Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfundi félagsins. Fullgildur félagi hefur full félagsréttindi, þar með talið málfrelsi, tillögurétt og kosningarétt á fundum félagsins. Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, missir hann þá félagsréttindi sín. Undanþegnir félagsgjöldum eru stjórnarmeðlimir félagsins, félagar eldri en 70 ára og landfræðingar við framhaldsnám.

5. grein. Aðalfundur skal halda í marsmánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- a) Skýrsla formanns.
- b) Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.
- c) Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Að auki hafa fulltrúar landfræðinema á háskólastigi rétt til að tilnefna einn meðstjórnanda, sem aðalfundur samþykkir.
- d) Að kjósa tvo endurskoðendur.
- e) Að ákveða félagsgjöld.
- f) Lagabreytingar.
- g) Önnur mál.

Markmið með ofangreindum lagabreytingartillögum er eftirfarandi:

1. Gera ákvörðun á félagsgjaldi nemenda auðveldari (í 3. grein) eins og lagt var til á aðalfundi félagsins árið 2005.
2. Tiltaka nánar hvaða réttindi fullgildir félagar hafa (í 4. grein).
3. Einfalda úrsagnir úr félaginu, þannig það nægi að greiða ekki félagsgjöld (í 4. grein) sjörn tekur síðan ákvörðun um það hvenær fólk er fellt út af lista.
4. Tiltaka að stjórn borgi ekki félagsgjöld en séu samt fullgildir félagar (í 4. grein).
5. Að fá fulltrúa nemenda við í stjórn félagsins (í 5. grein) sem er jafnframt fullgildir félagi.

Núgildandi lög félagsins má finna á vefsíðunni: www.umvefur.is/land

Með kveðju
Stjórn Félags landfræðinga

Hvað eru góð kort? Ráðstefna 4. maí

LÍSU samtökin undirbúa ráðstefnu um kortagerð og hvaða atriði skipta máli við mat á því hvað eru góð kort. Við hvað er átt þegar talað er um nákvæm kort? Nánari upplýsingar og dagskrá verða send á póstlista Félags Landfræðinga og auglýst á heimasíðu LÍSU (www.rvk.is/lisa).

Með kveðju, LÍSU samtökin

Á RÖNGUNNI...

off the mark by Mark Parisi
www.offthemark.com



Það eina sem er öruggt í þessum heimi eru dauðinn, skatturinn og Elvis eftirhermur.

off the mark by Mark Parisi
www.offthemark.com



Björk spáir í hverju hún á að vera á Grammy verðlaunaafhendingu.

off the mark by Mark Parisi
www.offthemark.com



Skyn(sam)leg rými

Rými, list og umhverfi

RÁÐSTEFNA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, 1. OG 2. JÚNÍ 2006
Í BØÐI HEIMSPÉKISKORAR OG JARÐ OG LANDFRÆÐISKORAR HÍ – Í
SAMVINNU VIÐ LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Auglýst eftir útráttum

Ráðstefnan tekur fyrir hugmyndir um rýmið og hvernig það er skynjað og upplifað bæði í borg og byggð sem og í náttúru. Markmið ráðstefnunar er að skapa samræðuvettvang fyrir ólíka hópa háskólafélks, frá raun- og náttúruvísindum til félags- og hugvísinda, og lista- og athafnafólks, sem hefur áhuga á hvernig rými er skynjað, skilið og endurskilgreint. Á þennan samræðuvettvang auglýsum við eftir ritgerðum, kynningum og veggspjöldum, sem og listaverkum og sýningargripum, sem gefa til kynna hvernig rýmið er upplifað, skilið og skynjað á mismunandi hátt, og leitast umfram allt við að varpa ljósi á þær aðferðir sem endurskilgreina rýmið.

Rýmið allt umhverfis okkur er í stöðugri endurskilgreiningu í orðum og verkum, sem oftast en ekki styðjast við hugmyndir um það sem er skynsamlegt. Það er þá jafnan þröngt skilgreint af hópum með ákveðna hugsjón eða markmið að leiðarljósi, eða sem eiga beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Þessar skynsamlegu hugmyndir yta oft til hliðar hinu „skynlega“ – því sem fólk skynjar gegnum líkamann og öll skynfæri sín þar og þá. Ráðstefnan fjallar um að laða fram hið skynjaða eða skynlega, sem byggir á upplifun, andstætt fyrirfram skilgreindum hugsjónum og markmiðum sem byggja á ýmsum hugmyndum um hið skynsamlega.

Hvatt er til þess að fólk úr sem flestum áttum leggi til ritgerðir, kynningar, veggspjöld, listaverk og sýningargripi. Framlagið má gjarnan fjalla um mismunandi kenningar um rýmið, en það má einnig gjarnan felast í hagnýtari vangaveltum um upplifun rýmisins. Jafnframt má leggja til þematengd verk sem sýnd verða á staðnum.

Frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.sparten.org

Tekið var við útráttum fyrir ritgerðir, kynningar og veggspjöld til 30. janúar 2006. Tengiliður ráðstefnunnar er Edwards H. Huijbens (edward@hi.is).

Ritgerðum sem samþykkt hefur verið að birta á á vef ráðstefnunar skal skilað fullbúnum á rafrænu formi fyrir 1. maí 2006, á sniði sem tilgreint er á vefsíðu ráðstefnunar.